

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2002 frá 1. mars 2002⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2001 frá 15. október 2001 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta 9. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2000) í XXI. viðauka við samninginn:

„**32001 R 2020:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2001 frá 15. október 2001 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB L 273, 16.10.2001, bls. 6).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 2020/2001, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 273, 16.10.2001, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.